

Yfirmenn þeirra geta lagt fyrir þá að bera eigi einkennisbúning utan starfs síns. **145**

11. okt.

D. Bifreiðaeftirlitsmenn og sérstakir löggæzlumenn skulu bera einkennisbúning þá er þeir eru að störfum.

IV. KAFLI

Um kaup einkennisbúninga.

Kostnaður við kaup einkennisbúninga handa framangreindum embættis- og starfsmönnum greiðist eftir þeim reglum, sem hér segir:

1. Sýslumenn og bæjarfógetar, svo og hliðstæðir embættismenn í Reykjavík og lögreglustjórar utan Reykjavíkur, skulu fá ókeypis starfsbúning. Enn fremur fulltrúar þessara embættismanna eftir tillögum þeirra og úrskurði viðkomandi ráðuneytis. Starfsbúninga skulu þeir fá endurnýjaða á 3 ára fresti, ef þeir óska þess, en eigi oftár, nema með sérstöku samþykki ráðuneytis. Óski embættismenn þessir eftir að bera viðhafnarbúning, skulu þeir leggja sér hann til sjálfir.
2. Hreppstjórar, er þess óska, skulu fá ókeypis einkennishúfu og hana endurnýjaða eftir þörfum. Þeir hreppstjórar, sem dómsmálaráðuneytið skyldar til þess að bera einkennisbúning, skulu og fá hann ókeypis og endurnýjaðan samkvæmt tillögum sýslumanns og úrskurði ráðuneytisins.
3. Tollverðir skulu fá ókeypis einkennisbúning, enn fremur vinnubúning (slopp og samfesting) og hanzka. Einkennisföt, einkennishúfu, ryk- eða regnfrakka og hanzka skulu þeir fá á hverju ári en einkennisfrakka annað hvort ár. Vinnuslopp og samfesting eða tvo sloppa fá þeir ár hvert. Loks fá þeir ókeypis meiri háttar viðgerðir og lagfæringar á einkennisfötum sínum.
4. Bifreiðaeftirlitsmenn og sérstakir löggæzlumenn skulu fá ókeypis einkennisbúning. Einkennisföt fá þeir á hverju ári og annað árið einkennisfrakka, en hitt árið ryk- eða regnfrakka. Einkennishúfu fá þeir eftir þörfum. Loks fá þeir ókeypis meiri háttar viðgerðir og lagfæringar á einkennisfötum sínum.

V. KAFLI

Um dómarakápur.

Er héraðsdómarar sitja dómþing í sérstökum réttarsölum skulu þeir bera dómarakápu, ljósbláa með dökkum bryddingum og uppslögum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 34. gr. launalaga, nr. 60 12. marz 1945, til að öðlast gildi frá 1. janúar 1947, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 11. október 1946.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.